



Stjörnufræðingar uppgötva líf... á jörðinni?!



Á þessari mynd er sem tunglið vilji bæði vera sigð og fullt! Ástæðan er sú að jörðin endurspeglar sólarljósinu út í geiminn þar sem það lendir á þeirri hlið tunglsins sem snýr frá sólinni og lýsir hana dauflega upp. Þetta kallast jarðskin. Fyrir skömmu notuðu stjörnufræðingar jarðskinið til að hjálpa sér við leitina að geimverum.

Hægt er að finna merki um líf með því að skoða hve mikið er af ákveðnum gastegundum í lofthjúpi reikistjörnu, til dæmis súrefni, ósoni, metani og koldíoxíði. Og með því að rannsaka ljósið sem reikistjarna endurvarpar – reikistjörnuskín hennar – geta stjörnufræðingar fundið út hvaða gastegundir eru í lofthjúpunum.

Ljós reikistjarna er hins vegar mjög dauft og hverfur í skærri birtunni frá stjörnunum sjálfum, svo það er mjög erfitt að koma auga á þær. En þegar reikistjarna endurvarpar ljósinu frá sinni stjörnu gerist nokkuð sem breytir eiginleikum ljóssins. Stjörnufræðingar tala þá um að ljósið sé „skautað“. Með því að horfa sérstaklega á skautaða ljósið geta stjörnufræðingar rannsakað lofthjúp reikistjörnnar mjög nákvæmlega.

Nýlega hafa stjörnufræðingar prófað að rannsaka endurvarp jarðarinnar á tunglinu með þessari aðferð. Þannig komust þeir að því að lofthjúpur jarðar er hálfskjújaður og að á yfirborðinu eru bæði höf og plöntur. Í raun uppgötvuðu þeir lífið á jörðinni! Þetta hljómar skringilega en þessi nýja aðferð gæti að lokum leitt til þess að líf finnist annars staðar í geimnum!

COOL FACT

Skýin á jörðinni endurvarpa meira sólarljósi en höf og meginlönd. Það þýðir að jarðskinið er miklu bjartara þegar það er skýjað.

